

91
22. ágúst

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

32. gr.

Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu sker úr öllum ágreiningi út af þeim málum, er snerta fjallskilafélagið.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eftir málavöxtum frá 10—200 krónum, er renni í fjallskilasjóð. Lögtaksréttur er á gjöldum samkvæmt fjallskilareglugerð þessari.

34. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

35. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um fjallskil í Þingeyjarsýslu vestan Jökulsár frá 11. júlí 1929 að því er Kelduneshrepp snertir.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og þykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927 staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til jafnlengdar 1936.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. ágúst 1935.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

92
2. sept.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Í bæjarsjóð skal greiða 10—30 krónur, eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar, af öllum skemmtunum, nema fyrirlesturum og skemmtunum, er bæjarstjórn undanskilur.

2. gr.

92

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

2. sept.

Þetta birtist hérmeð öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytingu, 2. september 1935.

Hermann Jónasson.

Gissur Bergsteinsson.

S A M Þ Y K K T

93

fyrir Vatnsveitufélag Selfoss.

10. sept.

1. gr.

Nafn félagsins er Vatnsveitufélag Selfoss.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er á Selfossi í Árnessýslu og varnarþing þess í Sandvikurhreppi í sömu sýslu.

3. gr.

Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, til heimilis og búþarfa, iðnaðar og iðju, án orkunýtingar, með því að leggja vatnsæð frá Ingólfsfjalli um vegi og óbyggð svæði, yfir Ölfusárbrú, meðfram þjóðvegi að Mjólkurbúi Flóamanna og skúrum Sveins Jónssonar, halda vatnsveitunni við og annast rekstur hennar.

Vatnsveitufélagið hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á félagssvæðinu.

4. gr.

Eignir þær, sem taldar eru upp hér á eftir, taka þátt í félaginu:

Skúrar Sveins Jónssonar; Múli, eign Gissurar Gamalielssonar; Ingólfur, eign Guðlaugs Þórðarsonar; Höfn, eign S. Ó. Ólafssonar & Co.; Sigtún, eign Kaupfélags Árnesinga; Sunnhvoll, eign Helga Ágústsonar; hús Grims Thorarensen; íbúðarhús Kaupfélags Árnesinga; Ásheimar, eign Magnúsar Þorkelssonar; Hlöður, eign Jóhanns Ólafssonar; Selfoss I og II; Tryggvaskáli eign Guðlaugs Þórðarsonar; póst- og símahús, eign rikissjóðs; Hamar, eign Björgvins Þorsteinssonar; Núpur, eign Jóns Ingvarssonar; Staður, eign Ólafs Sigurðssonar; barnaskólinn, eign Sandvikurhrepps; Árnes, eign Kristins Vigfússonar; hús Einars Pálssonar; sláturhús, eign Sláturfélags Suðurlands; húseign Vigfúsar Guðmundssonar; Fagurgerði, eign Björns Sigurbjarnarsonar; hús Landsbanka Íslands; Sólbakki, eign Sigursteins Steinþórssonar; hús Mjólkur-